

Ár 2023, fimmtudaginn 14. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helgi R. Magnússon, Andri Valur Ívarsson og Þröstur Ríkharðsson.

**Fyrir er tekið málið nr. 17/2023:**

KFR  
gegn  
RB

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:

KFR

Fyrirsvarsmaður: Tinna Erlingsdóttir

Kærði:

RB

Fyrirsvarsmaður: Hamid Haman Dicko

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 7. september 2023.

**II.**

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að knattspyrnuliði KFR verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins gegn RB er fram fór þann 4. september 2023 í Úrslitum 5. deildar karla,

Af hálfu kærða er þess krafist að kröfum kæranda verði hafnað.

**III.**

**Málsatvik:**

Kærandi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

*„Mánudaginn 4. september 2023 fór fram leikur í úrslitum 5. deildar karla í Nettó-höllinni í Reykjanesbæ. Þar kepptu í undanúrslitum RB og KFR.*

*Á leikskýrslu voru einungis 10 leikmenn RB skráðir til leiks auk sjö varamanna. En í leiknum byrjuðu 11 leikmenn inná og ekki kemur fram hvaða leikmaður það var eða að annar leikmaður hafi þá verið skráður sem varamaður.“*

#### IV. Málsástæður kæranda

Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram:

*Samkvæmt grein 9.7 í Reglugerði KSÍ um knattspyrnumót (apríl 2023):*

*"Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi þannig þó að engir leikmenn sama liðs beri sama númer. Leikmaður skal bera númer 1 til 99 og skal númerið 1 aðeins úthlutað markverði."*

*Grein 36.3*

*"Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum."*

*Þar sem einungis 10 leikmenn áttu að hefja leik samkvæmt leikskýrslu og ekki fór fram skipting í upphafi leiks þá er sá leikmaður (#17) sem hóf leik en er ekki á leikskýrslu sem byrjunarliðsleikmaður ekki gjaldgengur í byrjunarliðinu. Því höldum við því fram að leikurinn sé ólöglegur.*

#### V. Málsástæður kærða

Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram:

*„I will give the names of the 11 starters, the 7 men on the bench registered to play and the substituted made.*

*Before the match started I spoke to the head referee Jakub Marcin Róg that we needed to make a change in the starting lineup because Reginald Owusu Afriyie was late, Saevar Logi enter the starting line up and Reggie will take his place on the bench. The referee wrote the change on their notebook.*

*In conclusion, we had a total of 6 players on the bench. The referee checked our bench like they do every game and we used 4 subs and they were all on the papers. If there is anything else you would like me to provide you with, please feel free to let me know.“*

## VI. Niðurstaða:

Málið varðar útfyllingu á leikskýrslu fyrir leik RB og KFR í Úrslitum 5. deildar karla sem fram fór í Nettóhöllinni þann 4. september sl. Því er haldið fram af hálfu kæranda að á leikskýrslu umrædds leiks hafi einungis 10 leikmenn RB verið skráðir í byrjunarlið liðsins auk sjö varamanna. Í upphafi leiks hafi hins vegar 11 leikmenn RB byrjað leikinn en ekki hafi komið fram á leikskýrslu hvaða leikmaður það hafi verið sem komið hafi inn í byrjunarlið RB. Þá hafi ekki komið fram hvaða leikmaður hafi verið skráður sem varamaður fyrir þann sem kom inn í byrjunarlið RB.

Í greinargerð kærða er vísað til þess að fyrir upphaf leiks RB og KFR hafi lið RB þurft að gera breytingar á byrjunarliði sínu. Reginald Owusu Afriyie, sem skráður hafði verið í byrjunarlið RB, hafi verið seinn og því hafi Sævar Logi Jónsson, sem áður hafði verið skráður sem varamaður, verið settur inn í byrjunarlið RB. Reginald Owusu Afriyie hafi í kjölfarið verið skráður á meðal varamanna. Fyrir liggur í gögnum málsins að dómari leiksins staðfestir þá atburðarrás sem lýst er í greinargerð kærða.

Um gerð leikskýrslu er vísað í 9. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Í ákvæðinu er ekki fyrir að finna leiðbeiningar um breytingar á leikskýrslu í aðdraganda knattspyrnuleikja. Hins vegar segir í grein 1.4. í reglugerðinni að stjórn KSÍ geti sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót og framkvæmd leikja. Í Handbók leikja 2023, sem samþykkt var af stjórn KSÍ í samræmi við fyrrnefnda grein 1.4., er fjallað um skráningu úrslita og leikskýrslu. Þar segir um breytingu á leikskýrslu, í tilviki byrjunarliðsmanna, eftir að útfyllingu er lokið, skýrslan undirrituð og skilað til dómara að geti einhver byrjunarliðsmanna ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda skuli einhver af áður skráðum varamönnum taka sæti hans í byrjunarliðinu og ör dregin á leikskýrsluna sem sýnir hvaða varamaður kemur í byrjunarliðið. Leikmaðurinn sem ekki gat byrjað leikinn má ekki sitja á varamannabekk liðsins í leiknum.

Af þeim ástæðum telur aga- og úrskurðarnefnd það liggja fyrir að RB hafi ranglega fyllt út leikskýrslu fyrir leik RB og KFR þann 4. september sl. Óumdeilt er að leikmaður kærða Reginald Owusu Afriyie hafi verið skráður á meðal varamanna eftir að hafa verið skráður á meðal byrjunarliðsmanna í aðdraganda leiks RB og KFR. Kemur því til álita grein 36.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsna nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.

Í fyrirliggjandi máli er ekki um það deilt að leikskýrsla í leik RB og KFR hafi í það minnsta verið ranglega fyllt út af hálfu kærða. Hins vegar, er því haldið fram af hálfu kæranda að vegna rangrar skráningar hafi leikurinn verið ólöglegur og gerir kærandi því kröfu um að honum verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna í

úrslitum 5. deildar karla. Óumdeilt er að Reginald Owusu Afriyie er hlutgengur til þátttöku í Íslandsmóti með liði RB í skilningi 3. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, enda handhafi keppnisleyfis með RB skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Var því lið RB löglega skipað til leiks og verður ekki gert að sæta viðurlögum á grundvelli óhlutgengis.

Aga- og úrskurðarnefnd þykir ljóst, samkvæmt grein 36.3., að ef sýnt þykir að leikskýrsla hafi með vísvitandi hætti verið ranglega fyllt út þá skuli liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nem tap hafi verið stærra. Sérstakur áskilnaður er gerður í ákvæðinu um að verknaður hafi verið framinn vísvitandi svo því liði sem í hlut á verði úrskurðaður ósigur í viðkomandi leik. Í því máli sem hér liggur frammi fyrir nefndinni verður að leggja mat á, m.t.t. gagna málsins, hvort skráning RB á leikskýrslu í leik liðsins við KFR 4. september sl. feli í sér brot skv. grein 36.3. og uppfylli áskilnað um vísvitandi verknað. Vísvitandi brot gegn ákvæðum í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er að mati nefndarinnar alvarlegs eðlis og getur haft í för með sér þung viðurlög.

Við sönnunarmat á meintu vísvitandi broti RB hefur nefndin hliðsjón af dómi áfrýjunardómstóls í máli nr. 1/2021 og máli nr. 4/2023. Ber nefndinni að gæta þess að sönnunarkröfur fyrir aga og úrskurðarnefnd séu uppfylltar við mat á sekt kærða í fyrirliggjandi máli. Nánar tiltekið þarf nefndin að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á að kærði hafi gerst brotlegur við grein 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Við sönnunarmat nefndarinnar er í fyrsta lagi horft til þess að frásögn í greinargerð kærða fari saman við staðfestingu frá dómara. Bera gögnin þess merki að kærði telji sig hafa farið rétt að við breytingar á leikskýrslu umrædds leiks. Það er því mat nefndarinnar að í aðdraganda leiks RB og KFR hafi leikskýrsla leiksins fyrir mistök verið ranglega fyllt út af hálfu RB. Af þeim ástæðum og með hliðsjón af framangreindu telur nefndin að ekki séu fullnægjandi líkur á að kærði hafi sýnt af sér vísvitandi verknað þegar leikskýrsla í leik RB og KFR var ranglega fyllt út.

Að mati nefndarinnar liggur ljóst fyrir að leikskýrsla hafi verið ranglega fyllt út af hálfu kærða og skal kærði því sæta sekt að upphæð kr. 50.000 í samræmi við grein 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Kröfum kæranda um að félaginu verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðsins gegn kærða er því hafnað.

#### IV.

##### **Úrskurðarorð:**

Úrslit í leik RB og KFR í Úrslitum 5. deild karla, sem fram fór þann 4. september 2023, skulu standa óhögguð. RB skal sæta sekt að upphæð kr. 50.000,-

##### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Þróstur Ríkharrðsson [sign]